

Alþingi

Erindi nr. B 120/1476  
komudagur 16/4 1996

Nefndanefnd Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík.

Reyðarfirði 12.apríl.1996.

Efni: umsögn um frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum, mál nr.415.

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi krefst þess eindregið að frumvarpið verði dregið til baka í þeirri mynd sem það er nú, og gengið verði strax á ný til viðræðna þar sem frá var horfið um breytingar á lögnum nr.80/1938, við alla þá aðila sem málið varðar.


Telur Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi að lögbvinganir af þessu tagi, gegn vilja allra samtaka launafólks, verði ekki til að bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga, enda næðu lögin aldrei þeim tilgangi að bæta verklagsreglur ef sett væru í andstöðu við öll samtök launafólks í landinu.

Að öðru leiti vísar Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi til umsagnar B.S.R.B. um frumvarpið, sem er sameiginlegt álit allra félaganna innan B.S.R.B., unnin og samþykkt af þeim öllum.

FOSA

Kt.: 580687-1729

Fyrir hönd F.O.S.A.

  
Þorvaldur Jónsson